

Hafnarfjarðarbær
b.t. Ólafs Helga Árnasonar
Ráðhúsi Hafnarfjarðar
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 21.06.2013

Efni: Tillaga að breyttu deiliskipulagi Hafnarfjörður miðbær 2000 vegna lóða nr. 22 og 22b við Austurgötu og nr. 19 við Strandgötu. Tilvísun bæjarins nr. 1305185.

Undirritaður hefur móttengið tilkynningu um auglýsingu sem birtist í Lögbirtingablaðinu, Fréttablaðinu og heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar þ. 6. júní sl.

Undirritaður gætir hagsmuna Sigríðar Ragnheiðar Ólafsdóttur, kt. 230823-4059, Strandgötu 17b, Hafnarfirði.

Það skal strax tekið fram að ég f.h. umbj.m. mun að svo komnu máli leggjast gegn deiliskipulagstillögunni fyrst og fremst þar sem verið er að skipuleggja tvær lóðir en eðlilegt væri að skipuleggja samtímis Strandgötu 17 þ.e. allar lóðirnar í einu lagi. Er undirritaður tilbúinn til að hafa samráð við bæjaryfirvöld og eigendur hinna tveggja lóða hvað það varðar. Þar að auki myndi þessi breyting verða Strandgötu 17 til boga að óbreyttu. Húsið að Strandgötu 17 er komið til ára sinna og þarfnast mikils viðhalds. Ekki er búið í húsinu í augnablikinu. Er nú kominn tími til að skipuleggja lóðina upp á nýtt með það fyrir augum að byggja þar stórhýsi. Óska ég eftir fundi með þér um málið og e.t.v. í framhaldinu með bæjaryfirvöldum og eiganda hinna lóðanna tveggja.

Lóðamörk:

Samkvæmt erfðafestusamningi og öðrum skjölum sem undirritaður hefur undir höndum, eru lóðamörk Strandgötu 17 annars staðar en í tillögu að deiliskipulagi og er lóðin m.a. stærri í átt til Strandgötu 19. Þetta þarf að laga.

Virðingarfyllst,


Einar Gautur Steingrímsson hrl.

